

Fundargerð

Fimmtudaginn 1. desember 2011 kl. 10:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Kári Kárason, Vignir Á. Sveinsson, Þóra Sverrisdóttir og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Heimsókn í Héraðsskjalasafn
2. Vettvangsskoðun fasteigna Kvennaskólans
3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011
4. Fjárhagsáætlun 2012 – fyrri umræða
5. Leigusamningur við Textílsetur Íslands
6. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Heimsókn í Héraðsskjalasafn

Farið var í heimsókn í Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu. Svala Runólfsdóttir forstöðumaður safnsins og Guðmundur Jónsson tóku á móti stjórninni og kynntu starfsemi safnsins.

2. Vettvangsskoðun fasteigna Kvennaskólans

Skoðuð var Ábraut 35. Samþykkt var að óska við eftirlitsmann fasteigna sveitarfélagsins að óska eftir áætlun um viðhaldspörf fasteignanna.

3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011

Svala Runólfsdóttir mætti á fundinn undir þessum lið. Svala gerði grein fyrir fjárfestingarþörf skjalasafnsins. Framkvæmdastjóra falið að láta vinna kostnaðarmat á skjólvegg við anddyri safnsins. Samþykkt var að fela forstöðumanni að hún komi með tillögur og vinni að endurbótum á öryggismálum safnsins, gagnavörslu og viðbragðsáætlun.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011. Endurskoðuð fjárhagsáætlunar sýnir rekstrarafgang kr. Samþykkt var vegna betri afkomu rekstar 2011 að fella niður síðustu greiðslu sveitarfélaganna vegna ársins 2011.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011 samþykkt.

4. Fjárhagsáætlun 2012 – fyrri umræða

Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun 2012.

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

Gerðar voru athugasemdir við fjárhagsáætlun 2012 að öðru leyti var henni vísað til seinni umræðu.

5. Leigusamningur við Textílsetur Íslands

Framkvæmdastjóri kynnti leigusamning við Textílsetur Íslands. Um er að ræða leigu á rými sem Textísetrið hefur til afnota í Kvennaskólanum. Leigusamningurinn samþykktur.

Framkvæmdastjóra falið taka saman leigusamninga sem eru í gildi við byggðasamlagið.

6. Önnur mál

Styrkbeiðni dags. 2. nóvember sl., frá Heimilisiðnaðarsafninu. Heimilisiðnaðarsafnið sækir um 4.7 m.kr. rekstrarstyrk vegna ársins 2012 til sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu. Stjórn Byggðasamlagsins samþykkir kr. 3.500.000.

Stjórn byggðasamlagsins samþykkir að boða til sameigilegs fundar sveitarstjórnarmanna í A-Hún í byrjun næsta árs til að ræða sameigileg hagsmunamála og verkefni byggðasamlaga.

Húsafriðunarnefnd hefur greitt byggðasamlaginu kr. 2.9 m.kr. fyrir árið 2011 vegna framkvæmda við Kvennaskólann.

Þóra Sverrisdóttir ræddi ósk Húnavatnshrepps um breytta kostnaðarskiptingu sveitarfélaga í byggðasamlögum sýslunnar.

Atvinnumál voru rædd.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:15.